

Mættir: Trostan, Birgitta, Íris Olga, Sólrún Jóna, Friðrik Logi, Halldór og Kristvina sem ritaði fundargerð. Gunnar og Sigrún Eva boðuðu forföll.

Dagskrá fundar:

- 1) Starfsáætlun
- 2) Upplýsingatækni í skólastarfi og nýting tækninnar
- 3) Námsmat, bókstafir og tölur

1. Starfsáætlun

- nemendafjöldi og þróun hans. Hefur aðeins fjölgað undanfarin ár. Nemendur verða 120 þegar skólahópur hefur flutt uppeftir.
- Skólaakstur og nýtt útboð vegna breytinga á leið í Framhlíð.
- Mötuneyti og breytingar varðandi skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Hluti af kostnaði greiddur af ríki eins og er en alls óvíst hvað verður í framtíðinni.
- Húsnæði og skortur á viðhaldi. Búið að þetta glugga núna og von um áframhald í því. Vonast eftir fjármagni til frekara viðhalds á næstu fjárhagsáætlun.
- Starfsmannahald, aðeins breytingar þá aðallega vegna 5 ára deildar og fæðingarorlofs.
- Valgreinar - könnun gerð á meðal nemenda í vor og reynt að hafa framboð í takti við það sem þar kom fram.
Athugasemd kom fram varðandi árshátíðarval sem bundið val.
- Félags- og tómstundanevnd hefur gefið út að það mun verða frístundastrætó aukalega á þriðjudögum fyrir nemendur í 5. - 10. bekk. Nemendur geta fengið far á Sauðárkrók en foreldrar þurfa að sækja.
- Frístund, fjölmenn þetta árið.
- Vinaliðaverkefni, að fara af stað Þátttökuskólum hefur fækkað á landsvísu.
- Skóladagatal óbreytt frá því í vor en danssýning mun verða í desember.

2. Upplýsingatækni í skólastarfi og nýting tækninnar

- Fræðslunefnd, vildi vita hvernig þessum málum er háttað í skólum Skagafjarðar og jafnvel að gera samanburðarrannsókn. Ekki er vitað hvað verður. Líklega erfitt að finna skóla sem ekki nýta upplýsingatækni.
- Hvernig nýtum við tæknina og hvernig nýtum við hana sem best. Rætt um mikilvægi þess að nemendur læri að umgangast tæknina og að nýta þá möguleika sem hún býður upp á. Bent var á þann möguleika að

3. Námsmat, bókstafir og tölur

- Námsmat á að vera hvetjandi en fyrirfram gefið að stór hluti nemenda á að fá B.
 - Skilja allir kerfið eins? Hefur verið rætt hér innanhúss hvernig skilning við leggjum í kerfið.
 - Fram kom að mörgum finnst betra að hafa tölur og/eða prósentur en bókstafi.
 - Í sumum skólum eru bara gefnir bókstafir við lok 10. bekkjar. og þá bara rýnt í hæfnikortin fram að því.
 - Útfærsluatriði hvernig skólar hafa þetta.
4. Önnur mál
- Samkvæmt reglugerð þá ber skólaráði að kjósa fulltrúa grenndarsamfélagsins en undir vorið þá kom Gunnar Slgurðsson inn sem sá fulltrúi. Ákveðið að biðja hann um áframhaldandi setu.

Fleira ekki gert. Næsti fundur áætlaður í nóvember.